

# Heimalestur

## Hæfniviðmið

### 8. – 10. bekkur

Hæfniviðmiðið miðast við að nemandinn velji sér lesefni eftir áhuga og þörf sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. Þetta er metið með eftirfylgni í lestri heima og í skóla. Í upphafi skólaárs fá nemendur afhent lestrardagbók. Þetta viðmið er metið einu sinni í mánuði, því er mikilvægt að skrá heimalestur í lestrardagbók.



#### Hæfnieinkunn

- Les **60+ blaðsíður** á viku er **A** sem er framúrskarandi
- Les **50-59 blaðsíður** á viku er **B+** sem er hæfni náð og gott betur.
- Les **50 blaðsíður** á viku er **B** sem er hæfni náð.
- Les **40-49 blaðsíður** á viku er **C+** sem er á mjög góðri leið.
- Les **30-39 blaðsíður** á viku er **C** sem er á góðri leið.
- Les **20-29 blaðsíður** á viku eða minna er **D** sem þýðir þarfnast þjálfunar.

Nemandi velur sér fjölbreytt lesefni ( t.d. dagblöð, tímarit, fræðiefni, efni af netinu, skáldskap) sér til gagns og ánægju. Þetta viðmið er metið einu sinni á önn (janúar/júní).